

Ómstrítt samspil

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús

Mállausir kjarnar, Sigurður Guðmundsson

★★★★☆

Til 27. apríl. Ópið alla daga kl. 10–17. Aðgangur ókeypis.

Það er hægt að hugsa sér feril listamanns í líkingu við spirál þar sem list hans þróast og breytist, en af og til verða til snertipunktar við fortíðina sem birtist þá aftur í nýrri mynd. Eitthvað slíkt má ímynda sér að gerist í nýjum ljósmyndum Sigurðar Guðmundssonar myndlistarmanns. Hann gerði töluvert af ljósmyndaverkum á áttunda og níunda áratug síðustu aldar en hefur síðan lagt ljósmyndina á hilluna þar til nú.

Í Listasafni Reykjavíkur sýnir Sigurður um 20 stór ljósmyndaverk og tvö myndbandsverk. Myndefnum á sýningunni má skipta í nokkra flokka en það eru: kínverskt götufólk, misfatlað og lemstrað og illa farið eftir erfitt líf, stillt upp í stúdíói. Naktar, ungar, kínverskar konur, sömuleiðist í stúdíói. Vestrænar (klæddar), dáleiddar konur og menn, í stúdíói eða herbergi. Fólk að biðja bænir á óskilgreindum stað. Uppstillingar eins og menn og egg eða kona, sjór, fiskur – úti í náttúrunni. Einnig má nefna vísanir í eigin feril.

Vara skal þó taka við bókstaflegum lýsingum sem þessum því listamaðurinn nálgast myndefnið, a.m.k. að hluta til, sem „fundinn hlut“ sem öðlast nýja tilvist í samhengi listar hans. Miðað við þetta eru „kínverskar, naktar konur“ ekki myndefnið heldur óskilgreind sýn listamannsins, það er því ekki gefið að segja hvað myndirnar birta í raun og veru.

Auk ljósmyndanna er tveimur myndböndum varpað á glerhleðslur á borð við þær sem Sigurður hefur notað í höggmyndir sínar og eru hér bæði sem skjáir og eins konar hirslur fyrir hreyfimyndir sem birtast í glerinu líkt og myndir í spákúlu en annað verkið sýnir einmitt konu með slíka kúlu. Hitt birtir kannski sýn hennar, jakkafataklæddan mann á gangi í húsi sem gæti verið listasafn þar sem hver gangurinn tekur við af öðrum, hver beygjan af annarri, síendurtekið.

Stefnumót áhorfanda og listaverks

Sýningin í heild er grípanði og nær tókum á áhorfandanum, hinar óvenjulegu samsetningar myndefnis vekja upp fjölbreytileg hughrif.



Morgunblaðið/Valdís Thor

Á skjön Uppstillingar Sigurðar af kínversku götufólki og ungum, nöktum, kínverskum konum eru eins og verk hans frá fyrri tíð, á skjön við það gildismat eða flokkumarkerfi sem við þekkjum.

Sumar ljósmyndirnar minna á fyrri verk Sigurðar frá áttunda áratugnum þar sem Sigurður stillti hlutum eða fólki upp samkvæmt skilgreiningum á skjön við gildandi flokkumarkerfi samfélagsins og kallaði til dæmis „Ljóð“ eða „Fullt hús“ eins og í spilum. Einnig nú stillir Sigurður myndefni sínu upp samkvæmt leikreglum sem áhorfandanum eru huldar. Titlar myndanna eru ekki þýddir á íslensku heldur er sýning Sigurðar öll á ensku utan titilsins Mállausir kjarnar, en hér hefði farið betur á því að þýða titla verkanna fyrir íslenska áhorfendur.

Það má líta á margar myndanna sem ljóð, í anda listar Sigurðar í gegnum tíðina. Eins má sjá í myndum af fólki að biðja bænir vangaveltur um leit mannsandans og það hvernig listamaður getur birt hið ósýnilega á mynd. Sigurður notar samspil texta og myndar til að gefa áhorfendum ákveðnar upplýsingar og skipta stundum titlar verka sköpum fyrir áhorfand-

ann. Það gildir um verkin þar sem hann hefur látið mynda fólk undir dáleišluáhrifum, bæði menn og konur, sem dæmi má nefna titilinn „Hypno: Balloon Flying“, (Dáleišla: Flogið í loftbelg. Þýð. RS.) Hér skapast spenna vegna þess sem áhorfandinn ímyndar sér að konan sjái í dáleišlunni. Ekki skiptir máli hvort myndirnar sýna raunverulega reynslu eða ekki, listaverkið á sér stað, „gerist“ ef svo má segja, þegar áhorfandinn horfir á myndina, les textann og skapar síðan sína eigin mynd. Það er einmitt á því augnabliki, þessu skapandi stefnumóti þegar hugur áhorfandans mætir listaverkinu og það verður raunverulega til í öllum sínum myndum, að áleitnar spurningar vakna.

Uppstillingar Sigurðar af kínversku götufólki og ungum, nöktum, kínverskum konum eru eins og verk hans frá fyrri tíð, á skjön við það gildismat eða flokkumarkerfi sem við

þekkjum. Eins og sagði í upphafi er ekki einfalt að segja hvað verkin birta, en myndefnið er að sjálfsögðu hluti af þeirri mótsagnakenndu heild sem listaverkin eru.

Valið á myndefninu er vægast sagt áleitið, því hinn hvíti, ríki, miðaldra, vestræni karl sem lætur mynda kínverskar konur naktar, dáleidir vestrænar konur (en líka karla) og myndar þær svo, fær með öðrum orðum konur til að afsala sér stjórn og valdi á kringumstæðum áður en hann myndar þær, – hann ögrar og kallar upp spurningar.

Hann ögrar þeirri pólitískri réttthugsun sem hefur verið ríkjandi í samtímalistum í um þrjá áratugi og hefur oft að markmiði að vekja athygli á málstað minnihlutahópa. Slík hugsun hefur líka verið gagnrýnd sem heftandi fyrir listina. Hvað sem um það má segja er víst að í huga áhorfandans kemur óhjákvæmilega upp þessi mynd af karlinum sem myndar kínverskar konur gegn borgun, og sú mynd er óþægileg. Sama er uppi á teningnum hvað varðar götufólkið sem hrifið er úr erfðum kringumstæðum og stillt upp í hvítu, hreinu stúdíói hins vestræna listamanns.

Spurningin sem vaknar snýst um frelsi listamannsins, tjáningarfrelsi listarinnar og hvort listamenn ættu í víðum skilningi að lúta viðurkenndum, siðferðislegum gildum samfélagsins í list sinni. Auðvitað getur enginn sem ann listum skrifað undir slíka ritskoðun.

Og auðvitað er Sigurði frjálst að mynda kínverskar konur naktar, stilla þeim upp í röð, láta þær blása sáþukúlor. Rétt eins og áhorfandanum er frjálst að mynda sér sína eigin skoðun á verkum hans, þegar þau eru komin úr vinnustofu og einkaheimi listamannsins og í almenningsrými sýningarsalarins, sem þó er enn verndað af áru listarinnar. Það væri athyglisvert að sjá hvernig viðbrögð ljósmyndir Sigurðar fengu væri þær límdar á strætóskýli, utan hins hefðbundna listrýmis sem verndar listrænt frelsi listamannsins.

Fyrirsæturnar taka völdin

Hið ómstríða samspil listræns frelsis listamannsins annars vegar og samfélagslegra kringumstæðna fólksins á myndunum hins vegar er sá þáttur sem verður einna áleitnastur á sýningunni. Á endanum tekur myndefnið völdin ef svo má segja og mállaus andlit fyrirsætanna verða kjarni sýningarinnar.

Ragna Sigurðardóttir



Morgunblaðið/Ómar

Dagný „Þetta er vel skrifuð og vel hugsuð bók og Þorsteinn er einstaklega góður lesandi og túlkandi,“ segir Dagný um Þorstein Þorsteinsson og bók hans Ljóðhús.

Lesarinn

Ég keypti verðlaunabókina um ljóð Sigfúsar Daðasonar, *Ljóðhús* eftir Þorstein Þorsteinsson um daginn og les hana nú mér til skemmtunar. Ég hafði frestað því að lesa hana af því að menn voru að hæla henni opinberlega fyrir að vera teoríulaus bókmenntafræði, einstaklega auðlesin og gargandi snilld. Sem betur fer er hún ekkert af

þessu. *Ljóðhús* er lærð bók sem gengur út frá vel völdum teörum sem lesandi þarf þó ekkert að vera sammála. Þetta er vel skrifuð og vel hugsuð bók og Þorsteinn er einstaklega góður lesandi og túlkandi. Fimm af eftirlætisskáldum mínum eiga líka merkisafmæli á árinu – ó, að þau gætu öll fengið svona bækur!

Dagný Kristjánsdóttir, prófessor í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands.

Hlustarinn

Ein af mínum uppáhalds plötum og plata sem ég mæli hiklaust með fyrir alla tónlistarunnendur er platan *State of Mind* með Raul Midón. Platan er að mestu leyti þægileg blanda af poppi, soul og jazz og einkennist helst af rosalegri rödd Rauls og sérstökum kassagítarleik hans. Lögín á plötunni eru misgóð en flest eru þau frábær og þrátt fyrir að hann flakki heilmikið á milli tónlistarstefna nær hann alltaf að halda sama anda og ein-

lægni í gegnum plötuna. Ég hef þann leiðinlega eiginleika að geta auðveldlega fengið leiða á lögum en þetta er plata sem ég fæ bara ekki leiða á. Tilvalið lag til að byrja á er titillagið. Í því lagi má segja að hann líki eftir trommum og bassa með einkennandi gítarspili meðan hann syngur, auk þess sem lagið skartar einhverju svakalegasta munntrompetsólói sem ég hef heyrt.

Þórarinn Guðnason, gítarleikari í Agent Fresco.



Morgunblaðið/Ómar

Þórarinn Mælir með *State of Mind* með Raul Midón sem er að mestu leyti þægileg blanda af poppi, soul og jazz og einkennist helst af rosalegri rödd Rauls og sérstökum kassagítarleik.